

Fundur í Beta deild mánudaginn 10. febrúar 2014 í Hrafnagilsskóla. Mættar voru 18 konur.

Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Orð til umhugsunar.
3. Fundargerð síðustu funda lesin.
4. erindi frá stjórn. M.a. Kosning um nýja féлага.
5. Önnur mál
6. Kaffi og happdrætti (Anna Þóra fékk síðasta vinning)
7. Gestur fundar. Erla Björg Guðmundsdóttir frá Símei
8. Fundi slitið

1. Jónína setti fund og Anna kveikti á kertum. Jónína bar okkur kveðjur frá fjarstöddum konum.

2. Sigrún var með orð til umhugsunar og talaði um snjallsíma og hvernig þeir eru búnir að hertaka okkur. Í hennar skóla er búið að stofna nefnd um þetta mál þar sem kennarar, nemendur, foreldrar og aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla sitja í og var m.a. rætt þar hvort það ætti að setja höft á þessa síma. Einnig er það mjög mikilvægt að allir séu í sama liði hvað þetta varðar. Látar símana ekki stjórna okkur. Beta konur ræddu þetta og veltu fyrir sér og var þetta vissulega orð til umhugsunar.

3. Fundargerð síðasta fundar var lesin og var hún samþykkt.

4. Erindi frá stjórn. Þá var komið að því að kjósa um þær þrjár konur sem stungið hafði verið uppá og tóku þær Björk og Ragheiður Stefáns að sér að telja kjörseðla. Þessar þrjár konur voru samþykktar einróma. Þá var einnig skipað í uppstillingarnefnd og voru þær Aníta og Minnie og Ragnheiður Stefáns beðnar um það og samþykktu þær það. Þá var rætt lítllega um vorþingið sem verður á Ísafirði því við þurfum að staðfesta fyrri 12. febrúar hótलगistingu. Kostnaður fyrir þessa ferð er um 25. 000 plús hátíðakvöldverður. Jónína gekk hringinn og spurði konur hvort þær ætluðu með á Ísafjörð og voru ellefu sem sögðu já, fimm sögðu kannski og tvær sögðu nei.

5. Önnur mál. Rætt var um hvar við myndum vera með leshringsfundinn og var ákveðið að hafa hann á Icelandair hótlinu.

6. Þá var boðið uppá kaffi og veitingar sem þær María Steingríms, Rósa Kristín, Sigrún og Jóhanna voru með. Einnig var pyngjan látin ganga og dregið í happdrættinu og vinninginn fékk Jónína Hauksdóttir.

Gestur fundarins að þessu sinni var Erla Björg Guðmundsdóttir frá Símei og fræddi hún okkur um starfsemina þar sem hefur vaxið ár frá ári og vinna þar nú 13 starfsmenn í föstu starfi en þau eru með á bilinu 100 – 120 verktaka. Námskeiðin sem þau halda eru um 160 – 190 á ári og eru þetta oft frekar stutt námskeið. Erla fór vítt og breytt yfir starfsemina þar og til að fanga enn meiri athygli okkar þá var hún með bók sem ber heitið “206 leiðir til að tendra karlmann” sem vakti mikla kátínu og hlátur meðal okkar og var rætt í gríni hvort við ættum að lesa hana í næsta leshring. En með þessu vildi hún vekja athygli okkar á því að taka okkur ekki of alvarlega og hafa gaman í vinnunni og lífinu. Einn starfsmanna hennar hafði komið með þessa bók á kaffistofuna til þeirra og eins og hjá okkur vakti hún líka mikla kátínu þar.

8. Fundi slitið kl. 21:45